

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þess tekur til, skal lög-reglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjársins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir leyfi til bú-fjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfið er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi, þó ekki yfir kr. 1000.00 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörzlu bæjarlandsins.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjánhald í kaup-stöðum og kaupþúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 170 1958, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, kr. 500.00 af hverri íbúð og auk þess 1% af fasteignamati húss og lóðar.

2. gr.

Í stað „50 aurar“ í 2. mgr. 2. gr. komi „kr. 2.00“.

Ný málsgrein, sem verður 3. mgr., bætist inn í 2. gr., svo hljóðandi:

„Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 200.00. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað“.

Síðasta mgr. 2. gr. „Árlegur vatnsskattur o. s. frv.“, falli niður.

3. gr.

Í stað „1. júní“ í 5. gr. komi „15. janúar“.

4. gr.

Í reglugerðina bætist ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

„Hver sá, er tengja vill hús við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal fá til þess samþykki bæjarstjóra. Skal verkið unnið eftir fyrirsögn hans eða trúnaðarmanns hans. Húseigendur kosta heimtaugar sínar að öllu leyti, enda greiði þeir ekki tengigjald“.

5. gr.

6. gr. verði 7. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins árið 1968.

1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. málsg. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðzt við aukningu samkvæmt síðasta ársfjórðungi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör fyrir 1968, gerð í lok 2. ársfjórðungs 1969.

Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um afborganir og útdregin bréf á eyðublað, sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

2. gr.

Á árinu 1968 skulu öll tryggingafélög, sem lög nr. 17/1964 taka til, kaupa íbúðalánabréf Húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir 25% af fé því, sem félög þessi verja til verðbréfa- og víxlakaupa, annarra en vegna tryggingasjóðs líftrygginga, sbr. þó 3. gr. reglna þessara. Skulu slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfa- og víxlakaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Nú verður tryggingafélag að greiða váttryggingarupphæð hluta, sem orðið hafa fyrir skemmdum, en eignast í staðinn hina skemmdu hluti, og getur þá félagsmálaráðherra heimilað, að víxlar og verðbréf, sem tekin eru upp í greiðslu við sölu slíkra hluta, skuli ekki teljast með við ákvörðun fjárhæðar þeirrar, sem verja skal